



Borgarráð

Hella í landi Hólms- afnotaréttur

Óskað er efir að borgarráð samþykki meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis að sumarhúsið Hella í landi Hólms þurfi ekki að víkja af skipulagsástæðum til a.m.k. ársloka 2025 og að þann tíma fylgi því réttur til afnota u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Greinargerð:

Haukur Halldórsson fh. Jónasar Péturs Sigurðarsonar hefur farið þess á leit að því verði lýst yfir af hálfu Reykjavíkurborgar að húsið Hella F2057615 í landi Hólms við Suðurlandsveg L113453 þurfi ekki að víkja af skipulagsástæðum til a.m.k. ársloka 2025 og að þann tíma fylgi því réttur til anota af u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Þegar jörðin Hólmur var seld Reykjavíkurborg á árinu 1960 var sett ákvæði í afsalið þess efnis að einstaklingar, félög og stofnanir sem fengið höfðu lóðir og landspildur á leigu úr landi Hólmsjarðar haldi rétti sínum samkvæmt leigusamningum og samkvæmt munnlegu samkomulagi við ábúanda Hólmsjarðar. Engin þinglýst gögn eru til um lóðarréttindi Hellu, frekar en um allmargar spildur og frístundahús í Hólmslandi og í gildi er því ótímabundinn lóðarleigusamningur með tveggja ára uppsagnarfresti.

Ekki eru horfur á að Reykjavíkurborg þurfi á umræddu landi að halda til a.m.k. ársloka 2025.

Ívar Örn Ívarsson

Hjálagt:
Yfirlýsing, drög

YFIRLÝSING

Lóðin Hella í landi Hólms við Suðurlandsveg með landeignanúmerið L113453 sem er í eigu Reykjavíkurborgar hefur ótímabundinn lóðarleigusamning með tveggja ára uppsagnarfrest. Að beiðni eigenda einbýlishússins Hella í landi Hólms við Suðurlandsveg í Reykjavík F2057615, er því hér með lýst yfir að einbýlishúsið þarf ekki að víkja af skipulagsástæðum a.m.k. til ársloka 2025 og þann tíma fylgir réttur til afnota af u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Að leigutíma loknum skulu eigendur einbýlishússins fjarlægja það af landspildunni á sinn kostnað, en allur gróður fellur til Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Yfirlýsing þessi er í samræmi við ályktun borgarráðs Reykjavíkurborgar þann x. janúar 2021.

Heimilt er að þinglýsa þessari yfirlýsingu á lóðina Hella í landi Hólms við Suðurlandsveg, landeignanúmer L113453.

Reykjavík, x. janúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri dags. og undirritun:

kt.

kt.